

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður og hrein raunávöxtun lífeyrissjóða

13. september 2018

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Samantekt.....	3
1 Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður	4
1.1 Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði einstakra lífeyrissjóða í heild	4
1.2 Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði samtryggingardeilda lífeyrissjóða	7
1.3 Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins	8
2 Hrein raunávöxtun	9
2.1 Útreikningur hreinnar raunávöxtunar	9
2.2 Samanburður á hreinni raunávöxtun einstakra lífeyrissjóða í heild.....	10
2.3 Samanburður á hreinni raunávöxtun samtryggingardeilda	11
2.4 Breytileiki í ávöxtun og tryggingafræðileg staða sameignardeilda	12
3 Umfjöllun sjóðfélaga	14
Viðauki I – Hrein eign, nettó iðgjöld og raunávöxtun lífeyrissjóða	16
Viðauki II – Hrein eign, nettó iðgjöld og raunávöxtun samtryggingardeilda	18
Viðauki III – Tryggingafræðileg staða samtryggingardeilda	20

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir endurskoðunarnefnd Frjálsa lífeyrissjóðsins. Tilfni skýrslunnar er meðal annars umfjöllun sjóðfélaga um rekstrar- og fjárfestingarkostnað og ávöxtun sjóðsins í samanburði við valda aðra lífeyrissjóði á ársfundi sjóðsins nú nýlega. Í skýrslunni er annars vegar farið yfir útreikninga á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði og hreinni raunávöxtun nokkurra lífeyrissjóða og hins vegar farið yfir umfjöllun sjóðfélaga á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði og ávöxtun lífeyrissjóðsins í samhengi þeirra talna sem aflað hefur verið.

Markmið skýrslunnar er m.a. að meta ávöxtun lífeyrissjóða með samræmdum hætti þar sem notast er við upplýsingar úr ársreikningum lífeyrissjóða. Þannig er ekki stuðst við birtar ávöxtunartölur lífeyrissjóðanna sjálfra heldur niðurstöður um hreina raunávöxtun byggt á markaðsvirði eigna. Ástæðan er sú að í ársreikningum lífeyrissjóða er mismunandi hversu stór hluti eigna er metinn á markaðsvirði.

Skýrsla þessi er unnin af hagfræðingunum Vigni Jónssyni og Yngva Harðarsyni og Eyjólfí Erni Snjólfssyni verkfræðingi.

Samantekt

Samanburður er gerður meðal Frjálsa lífeyrissjóðsins, Almenna lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda um rekstrar- og fjárfestingarkostnað. Er þá litið til allra deilda viðkomandi sjóða sem heildar. Þegar tekið hefur verið tillit til áætlaðra umsýslubóknana er rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins hlutfallslega hæstur meðal þessara sjóða á þriggja ára tímabili frá 2015 til 2017. Sé þróun tímabilsins skoðuð kemur í ljós að rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur farið lækkandi á tímabilinu á meðan kostnaðurinn fer vaxandi eða er óbreyttur meðal annarra lífeyrissjóða.

Þá er skoðaður sérstaklega rekstrar- og fjárfestingakostnaður samtryggingardeilda sömu sjóða á árinu 2017 og kemur þar í ljós að kostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er hæstur á meðan kostnaður Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er lægri.

Gerður er samanburður á grunni markaðsvirðis eigna á hreinni raunávöxtun meðal Almenna lífeyrissjóðsins, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Íslenska lífeyrissjóðsins, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Gögn til að meta hreina raunávöxtun yfir 15 ára tímabil eru aðgengileg fyrir Almenna lífeyrissjóðinn, Frjálsa lífeyrissjóðinn og Íslenska lífeyrissjóðinn og er hrein raunávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins best meðal þessara sjóða yfir 15 ára tímabil. Þá er gerður samanburður á hreinni raunávöxtun samtryggingardeilda þessara sjóða en yfir 19 ára tímabil er ávöxtun Frjálsa jafnframt best.

Þá er gerð grein fyrir áhættu eins og hún er mæld annars vegar með staðalfráviki ávöxtunar og mesta tapi (e. maximum drawdown) hreinnar eignar meðal samtryggingardeilda Almenna lífeyrissjóðsins, Frjálsa lífeyrissjóðsins og Íslenska lífeyrissjóðsins. Frjálsi er metinn með minnstu áhættu á grunni beggja áhættumælikvarða yfir 19 ára tímabil. Ennfremur var gerð athugun á tryggingafræðilegri stöðu meðal Almenna lífeyrissjóðsins, Frjálsa lífeyrissjóðsins, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Sú athugun leiðir í ljós að tímabundin rýrnun (e. maximum drawdown) á tryggingafræðilegri stöðu er minnst hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda á því tímabili sem athugunin nær til en næst minnst hjá Íslenska lífeyrissjóðnum.¹

Nokkur munur er á þeim upplýsingum sem Analytica hefur aflað og þeim upplýsingum sem sjóðfélagi birti í kynningu á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins. Við athugun á árlegri meðalraunávöxtun hefur umræddur sjóðfélagi ekki leiðrétt fyrir því að flestir lífeyrissjóðir gera hluta skuldabréfaeigna sinna upp á kaupkröfu meðan aðrir meta allt skuldabréfasafnið á markaðsvirði. Þá hefur sjóðfélaginn borið saman kostnað við rekstur sjóðsins í heild í samhengi við ávöxtun samtryggingardeilda sjóðanna. Samtryggingardeildir einstakra sjóða eru hlutfallslega mis stórar þannig að skekkjan sem af þessu hlýst er mest þar sem séreignardeildir eru hlutfallslega stærstar.

¹ Að svo stöddu hefur hefur ekki verið tekið tillit til réttindaaukningar eða skerðingar fyrir einstök ár en það er mikilvægt atriði þegar kemur að tryggingafræðilegri stöðu.

1 Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður

Við samanburð á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði lífeyrissjóðanna var miðað við eftirfarandi fjárhæðir sem birtar eru í ársreikningum lífeyrissjóðanna:

- Hrein eign
- Fjárfestingargjöld
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Áætluð umsýslupóknun

Fjárfestingargjöld eru sá hluti af rekstrarkostnaði sjóðanna sem hefur beint með eignaumsýslu að gera en annar kostnaður vegna reksturs sjóðanna er gjaldfærður sem skrifstofu- og stjórnunarkostnaður. Þóknun Frjálsa lífeyrissjóðsins til rekstraraðila skiptist í umsýslupóknun annars vegar og vörslupóknun hins vegar. Skipting umsýslupóknunar fyrir rekstrarárið 2017 er á þá leið að 40% hennar er gjaldfærð sem fjárfestingargjöld en 60% sem skrifstofu- og stjórnunarkostnaður. Vörslupóknunin er hins vegar að fullu gjaldfærð sem fjárfestingargjöld².

Áætluð umsýslupóknun er mat lífeyrissjóðanna á kostnaði vegna umsýslu þeirra sjóða sem fjárfest hefur verið í. Umsýslukostnaður sjóðanna er innifalinn í hreinum tekjum af eignarhlutum af viðkomandi sjóðum. Óvissa er um hversu sambærileg greining einstakra lífeyrissjóða er á áætlaðri umsýslupóknun.

Um er að ræða gögn fjögurra lífeyrissjóða, þ.e. Almenna lífeyrissjóðinn (Almenni), Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (Söfnunarsjóður), Frjálsa lífeyrissjóðinn (Frjálsi) og Lífeyrissjóð verzlunarmanna (LV) fyrir árin 2015 til 2017.

Einhver dæmi eru um að fjárhæðir í ársreikningum stemmi ekki milli ára þannig að tölur fyrra árs í ársreikningi þessa árs séu aðrar en þær voru í ársreikningi fyrra árs. Slíkt getur t.d. gerst ef breytt er um uppgjörsaðferð, lífeyrissjóðir sameinaðir eða eldri tölur sjóðanna leiðréttar. Í þeim tilvikum þegar misræmi er á milli ársreikninga þá er notast við nýrri útgáfu upplýsinga.

Við samanburð á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði er hrein eign lífeyrissjóðanna tekin úr efnahagsreikningi án leiðréttinga vegna verðbréfa með föstum tekjum sem gerð eru upp á kaupkröfu. Eins og vikið verður að síðar er slík leiðrétting hins vegar framkvæmd þegar gerður er samanburður á raunávöxtun sjóðanna.

1.1 Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði einstakra lífeyrissjóða í heild

Í töflu 1 má sjá samanburð á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði lífeyrissjóðanna fjögurra. Í töflunni má sjá rekstrar- og fjárfestingarkostnað sundurliðaðan á fjárfestingargjöld, skrifstofu- og stjórnunarkostnað og áætlaða umsýslupóknun. Þá er birtur samanlagður rekstrar- og fjárfestingarkostnaður og hrein eign viðkomandi lífeyrissjóðs. Aftast í töflunni er svo rekstrar- og fjárfestingarkostnaður reiknaður sem hlutfall af hreinni eign og sýnt hvernig það hlutfall skiptist á milli fjárfestingargjalda, skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar og áætlaðrar umsýslupóknunar. Miðað er við meðaltal hreinna eigna lífeyrissjóðanna í upphafi árs og árslok.

² Sjá skýringu 5.6, bls. 23, í ársreikningi Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2017.


Tafla 1. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður nokkurra lífeyrissjóða árin 2015 til 2017 (þús.kr.)³

	Fjár- festingar- gjöld	Skrifstofu- og stjórnunar- kostnaður	Áætluð umsýslu- þóknun	Samtals	Meðaltal hreinnar eignar	%	Fjfgj.	S&s	Áup.
Almennir lífeyrissjóðurinn									
2017	32.386	563.312	288.003	883.701	196.930.813	0,45%	0,02%	0,29%	0,15%
2016	29.765	502.249	224.137	756.151	179.529.752	0,42%	0,02%	0,28%	0,12%
2015	45.842	472.677	203.000	721.519	165.319.113	0,44%	0,03%	0,29%	0,12%
Samt.	107.993	1.538.238	715.140	2.361.371	541.779.677	0,44%	0,02%	0,28%	0,13%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn									
2017	273.787	380.709	618.530	1.273.026	198.019.188	0,64%	0,14%	0,19%	0,31%
2016	270.710	367.750	658.747	1.297.207	179.701.308	0,72%	0,15%	0,20%	0,37%
2015	247.386	333.046	640.299	1.220.731	160.077.579	0,76%	0,15%	0,21%	0,40%
Samt.	791.883	1.081.505	1.917.576	3.790.964	537.798.074	0,70%	0,15%	0,20%	0,36%
Lífeyrissjóður verslunarmanna									
2017	181.727	906.274	1.573.671	2.661.672	633.578.566	0,42%	0,03%	0,14%	0,25%
2016	144.154	824.203	1.513.648	2.482.005	593.030.068	0,42%	0,02%	0,14%	0,26%
2015	98.608	712.082	998.300	1.808.990	549.123.112	0,33%	0,02%	0,13%	0,18%
Samt.	424.489	2.442.559	4.085.619	6.952.667	1.775.731.745	0,39%	0,02%	0,14%	0,23%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda									
2017	61.190	346.536	443.957	851.683	148.139.790	0,57%	0,04%	0,23%	0,30%
2016	65.338	307.257	286.357	658.952	141.731.296	0,46%	0,05%	0,22%	0,20%
2015	73.089	306.962	267.416	647.467	134.753.604	0,48%	0,05%	0,23%	0,20%
Samt.	199.617	960.755	997.730	2.158.102	424.624.690	0,51%	0,05%	0,23%	0,23%

Eins og sjá má þá munar nokkru í rekstrar- og fjárfestingarkostnaði Frjálsa og Almenna þrátt fyrir að sjóðirnir séu nokkuð sambærilegir að stærð. Munar þar mestu um áætlaðar umsýsluþóknarir en þær eru hlutfallslega minni hjá Almenna en hjá hinum þremur lífeyrissjóðunum. Þá eru fjárfestingargjöld hlutfallslega hæst hjá Frjálsa.

Samanburður sem sýnir meðaltal árána 2015 til 2017 er birtur á mynd 1. Miðað er við meðalhluftall af hreinni eign sjóðanna yfir umrætt þriggja ára tímabil.

Mynd 1. Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði nokkurra lífeyrissjóða 2015 til 2017



³ Heimild: ársreikningar lífeyrissjóðanna

Eins og sjá má er rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins hæstur meðal þeirra sjóða sem hér eru hafðir til samanburðar. LV nýtur þeirrar sérstöðu að vera meira en þrefalt stærra en Frjálsi og Almenni hvor um sig og kann því að njóta stærðarhagkvæmni hvað rekstrar- og fjárfestingarkostnað varðar. Stærð Söfnunarsjóðsins er hins vegar um ¾ af stærð Frjálsa.


Hvað kostnað við rekstur og fjárfestingar lífeyrissjóðanna varðar þá geta áherslur þeirra við eignastýringu verið mismunandi þar sem sumir lífeyrissjóðir beita hlutlausri stýringu og fjárfesta einkum í vísitölusjóðum t.d. kauphallarsjóðum (ETFs) sem jafnan taka lægri þóknun. Aðrir lífeyrissjóðir beita virkri stýringu og fjárfesta í sjóðum þar sem kostnaður er hærri með von um betri hreina ávöxtun og/eða minni áhættu. Þá skiptir máli hversu áhættusæknir lífeyrissjóðirnir og deildir innan sjóðanna eru. Eignastýring áhættusamra eigna er jafnan hlutfallslega kostnaðarsamari en stýring áhættulítilla eigna. Dæmi um þetta má m.a. sjá í umsýsluþóknun verðbréfasjóða en umsýsluþóknun hlutabréfasjóða er jafnan á bilinu 1,5% til 2,0% á meðan umsýsluþóknun skuldabréfasjóða er á bilinu 0,5% til 1%. Þannig ætti rekstur áhættusamra séreignardeilda að jafnaði að vera kostnaðarsamari en rekstur samtryggingardeilda. Hlutdeild áhættusamra séreignardeilda og samtryggingardeilda kann því að skýra mismun á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði milli lífeyrissjóða í heild. Vægi samtryggingardeildar er minnst innan Frjálsa lífeyrissjóðsins meðal þeirra lífeyrissjóða sem hér eru til samanburðar.

Samkvæmt upplýsingum Analytica getur það verið mismunandi milli lífeyrissjóða hversu langt er gengið í að meta áætlaða umsýsluþóknun. Til dæmis er ekki ljóst hvort allir lífeyrissjóðir taki tillit til kostnaðar vegna reksturs sjóða sem reknir eru á samlagshlutafélagaforni eða hvort tekið sé tillit til árangurstengdra þóknana sjóða. Lítil sem enginn hvati er fyrir lífeyrissjóðina að ganga langt í að rekja áætlaðar umsýsluþóknar, þvert á móti þá gæti aukin umsýsluþóknun haft neikvæð áhrif fyrir sjóði sem leggja áherslu á lágan rekstrar- og fjárfestingarkostnað. Samanburður á áætluðum umsýsluþóknunum milli lífeyrissjóða gæti þar af leiðandi gefið misvísandi eða takmarkaða mynd af raunverulegum undirliggjandi kostnaði.

Fái lífeyrissjóðir mikla gagnrýni fyrir kostnað þá er sú hættu fyrir hendi að áhersla stjórnenda og stjórna viðkomandi lífeyrissjóða á lágan rekstrar- og fjárfestingarkostnað verði „of mikil“ og mögulega komið niður á ávöxtun.

Á mynd 2 má sjá þróun á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði lífeyrissjóðanna yfir umrætt tímabil.

Mynd 2. Þróun rekstrar- og fjárfestingarkostnaðar nokkurra lífeyrissjóða árin 2015 til 2017



Eins og sjá má þá hefur rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa farið lækkandi í hlutfalli af hreinni eign á tímabilinu á meðan rekstrar- og fjárfestingarkostnaður annarra lífeyrissjóða fer vaxandi eða stendur í stað.

1.2 Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Í töflu 2 má sjá samantekt á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði samtryggingardeilda Almenna, Frjálsa, LV og Söfnunarsjóðs á árinu 2017. ⁴ Í ársreikningi Söfnunarsjóðsins er rekstrar- og fjárfestingarkostnaði ekki skipt á milli deilda en hrein eign samtryggingardeildar sjóðsins er rúmlega 98% af heildareignum sjóðsins. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður samtryggingardeildar Söfnunarsjóðsins er áætlaður með því að margfalda rekstrar- og fjárfestingarkostnað sjóðsins í heild með hlutfalli hreinnar eignar samtryggingardeildarinnar af hreinni eign sjóðsins í heild.

Tafla 2. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður samtryggingardeilda nokkurra lífeyrissjóða (þús.kr.)⁵

	Fjár- festingar- gjöld	Skrifstofu- og stjórnunar- kostnaður	Áætluð umsýslu- þóknun	Samtals	Meðaltal hreinnar eignar	%	Skipting		
							Fjfgj.	S&s	Áup.
Almennir lífeyrissjóðirinn - Samtryggingarsjóður									
2017	15.699	270.709	144.529	430.937	94.172.806	0,46%	0,02%	0,29%	0,15%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn - Tryggingardeild									
2017	84.414	119.170	139.966	343.550	59.672.206	0,58%	0,14%	0,20%	0,23%
Lífeyrissjóður verslunarmanna - Samtryggingardeild									
2017	178.495	888.205	1.545.438	2.612.138	621.780.536	0,42%	0,03%	0,14%	0,25%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda - Samtryggingardeild									
2017	60.183	340.833	436.651	837.667	145.701.834	0,57%	0,04%	0,23%	0,30%


Samtryggingardeild Frjálsa er minnst meðal þeirra deilda sem til samanburðar eru eða tæplega 60 ma.kr. Samtryggingarsjóður Almenna er 94 ma.kr. að stærð og Samtryggingardeild Söfnunarsjóðsins 146 ma.kr. Stærst er Samtryggingardeild LV eða tæplega 622 ma.kr. Eins og sjá má þá er rekstrar- og fjárfestingarkostnaður deildanna á bilinu 0,42% til 0,58% af hreinni eign þeirra, mest hjá Frjálsa og Söfnunarsjóðnum en minnst hjá LV.

Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður samtryggingardeilda sem hlutfall af hreinni eign er í öllum tilvikum hinn sami og rekstrar- og fjárfestingarkostnaður sjóðanna í heild nema í tilviki Frjálsa þar sem rekstrar- og fjárfestingarkostnaður samtryggingardeildarinnar er 0,08% lægri en rekstrar- og fjárfestingarkostnaður sjóðsins í heild.

Sammanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði samtryggingardeildanna árið 2017 er ennfremur birtur á mynd 3.

⁴ Samtryggingardeild Almenna lífeyrissjóðsins nefnist Samtryggingarsjóður, samtryggingardeild Frjálsa lífeyrissjóðsins nefnist Tryggingardeild en samtryggingardeildir lífeyrissjóðs Verslunarmanna og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda nefnast Samtryggingardeild. Ýmist er vísað í nöfn deildanna eða samtryggingardeildir í umfjöllun eftir því sem við á.


⁵ Heimild: ársreikningar lífeyrissjóðanna

Mynd 3. Samanburður á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði samtryggingardeilda árið 2017

Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Tryggingardeildar Frjálsa og Samtryggingardeildar Söfnunarsjóðsins er svipaður á árinu eða 0,58% hjá Frjálsa og 0,57% hjá Söfnunarsjóðnum. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður er lægri hjá Samtryggingarsjóð Almenna en lægstur er rekstrar- og fjárfestingarkostnaður hjá Samtryggingardeild LV.

1.3 Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins

Eins og áður segir er hlutdeild samtryggingardeildar minnst af hreinni eign hjá Frjálsa meðal þeirra sjóða sem hér eru til samanburðar. Á mynd 4 má sjá hvernig hrein eign Frjálsa lífeyrissjóðsins skiptist niður á deildir. Tryggingadeild er eina samtryggingardeild sjóðsins, hinar deildirnar eru séreignardeildir.

Mynd 4. Skipting hreinnar eignar Frjálsa lífeyrissjóðsins í deildir í árslok 2017⁶

⁶ Heimild: ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins 2017

Eins og sjá má þá er Frjálsi 1 stærsta deildin en hún er jafnframt áhættusamasta deildin fyrir utan Frjálsa áhættu. Tryggingadeildin er næst stærst en þar á eftir koma áhættuminni séreignardeildir.

Að mati Analytica eru nokkrir þættir sem saman kunna að útskýra að rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa lífeyrissjóðsins er hærri en annarra lífeyrissjóða. Há hlutdeild áhættusamra séreignardeilda á sama tíma og kostnaður við áhættusama ávöxtun er jafnan hærri en kostnaður við rekstur. Samanburður milli samtryggingardeilda eingöngu leiðir í ljós minni mismun á rekstrar- og fjárfestingarkostnaði milli sjóða. Þá gefur Frjálsi sig út fyrir að vera með virka stýringu sem er eðli sínu samkvæmt dýrara form stýringar en óvirk stýring. Gagnsemi virkrar stýringar getur sérstaklega komið í ljós við umfangsmiklar verðbreytingar á mörkuðum líkt og gerðist á tímabilinu frá 2007 til 2010. Nánar verður farið yfir árangur sjóðanna á því tímabili í tengslum við umfjöllun um áhættu síðar í skýrslunni. Þá er ekki unnt að útiloka að Frjálsi gangi lengra við að meta áætlaða umsýsluþóknun en aðrir lífeyrissjóðir.

2 Hrein raunávöxtun

2.1 Útreikningur hreinnar raunávöxtunar

Til að bera saman hreina raunávöxtun lífeyrissjóðanna er notast við þá reikniformúlu sem PensionPro⁷ notar við að framkvæma samanburð á ávöxtun lífeyrissjóða. Hrein raunávöxtun er reiknuð samkvæmt jöfnunni:

$$(1) r_t = \frac{W_t - W_{t-1} \frac{P_t}{P_{t-1}} - I_t \frac{P_t}{(P_t + P_{t-1})/2}}{W_{t-1} \frac{P_t}{P_{t-1}} + I_t \frac{P_t}{(P_t + P_{t-1})}}$$

þar sem r = hrein raunávöxtun, t = ártal, W = hrein eign, I = nettó iðgjöld og P = árslokagildi vísitölu neysluverðs

Til einföldunar má skoða jöfnuna á nafnávöxtunarformi þ.e. þar sem verðlag helst óbreytt á milli áramóta eða $P_t = P_{t-1}$. Þannig styttest verðlagshlutinn út og eftir stendur:

$$(2) n_t = \frac{W_t - W_{t-1} - I_t}{W_{t-1} + I_t \frac{1}{2}} = \frac{\text{vöxtur hreinnar eignar að frádregnum nettó iðgjöldum}}{\text{hrein eign í ársbyrjun að viðbættri helmingi nettó iðgjalda}}$$

þar sem n = hrein nafnávöxtun

Með því að helminga nettó iðgjöld er verið að miða við þá forsendu að nettó innborgun iðgjalda dreifist jafnt yfir árið eða að helmingur nettó iðgjalda beri ávöxtun allt árið.

Til að unnt sé að reikna út ávöxtun á sambærilegan hátt er nauðsynlegt að mæla virði einstakra eigna á sama verði. Hér er þetta gert með því að meta hreina eign á markaðsvirði. Þetta skiptir mestu máli í tengslum við mat á þeim hluta skuldabréfasafns sjóðanna sem gerður er upp á kaupkröfu. Afar mismunandi er á milli sjóða um hversu stóran hluta skuldabréfasafns er að ræða.⁸

Til samanburðar er reikniformúla FME fyrir hreina raunávöxtun lífeyrissjóða eftirfarandi⁹:

$$(3) r_t = \frac{\left(1 + \frac{z(F_t - K_t)}{W_t + W_{t-1} - (F_t - K_t)}\right)}{\left(\frac{P_t}{P_{t-1}}\right)} - 1$$

þar sem F táknar fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld, K táknar rekstrarkostnað + önnur gjöld - aðrar tekjur og W táknar hreina eign.

⁷ Nánari upplýsingar má finna hér: <http://www.verdicta.is/s-pension/>

⁸ Mögulegt er að aðrar eignir s.s. óskráð hlutabréf séu ekki virtar með samræmdum hætti en gera má ráð fyrir að skekkja vegna þess sé hlutfallslega lítil. Þann fyrirvara þarf einnig að gera að atferli eignastýrenda viðkomandi lífeyrissjóða kann að vera mótað af því hvernig eignir eru metnar. Þannig gætu eignastýrendur þar sem hátt vægi er á skuldabréfum sem metin eru á kaupkröfu hegðað sér með öðrum hætti en ef bréfin væru metin á markaðsvirði.

⁹ Reikniformúlan er birt með ársreikningatölum FME fyrir lífeyrissjóðina sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/>. Analytica hefur endurskýrt breytur í reikniformúlnni til að gæta samræmis við fyrri reikniformúlur.

Sé reikniformúlan einfölduð fyrir nafnávöxtun með sama hætti og gert var fyrir jöfnu (2) hér að ofan, þá umritast reikniformúlan á eftirfarandi hátt:

$$(4) \quad n_t = \frac{2(F_t - K_t)}{W_t + W_{t-1} - (F_t - K_t)}$$

Ljóst er að aðferð FME til að leggja mat á árlega raunávöxtun er önnur en PensionPro beitir og notast er við í þessari skýrslu. Þetta skýrir mismun á þeim raunávöxtunartölum sem hér eru birtar og þeim tölum sem koma fram í ársreikningabók FME.

Að mati Analytica er reikniformúla sú sem PensionPro beitir betur til þess fallin að nota við þann samanburð milli sjóða sem hér er gerður meðal annars í tengslum við leiðréttingu á hreinni eign lífeyrissjóða fyrir markaðsvirði skuldabréfa sem gerð eru upp á kaupkröfu.

Við samanburð á hreinni raunávöxtun lífeyrissjóðanna var miðað við eftirfarandi fjárhæðir sem birtar eru í ársreikningum lífeyrissjóðanna:

- Hrein eign í árslok
- Mismunur á hreinni eign vegna skuldabréfa sem gerð eru upp á kaupkröfu
- Iðgjöld ársins
- Lífeyrisgreiðslur ársins

Um er að ræða gögn fyrir Almenna, Frjálsa og Íslenska lífeyrissjóðinn (Íslenska) fyrir árin 2003 til 2017, Söfnunarsjóðinn fyrir árin 2010 til 2017 og LV fyrir árin 2015 til 2017. Eins og áður segir er allt skuldabréfasafn viðkomandi lífeyrissjóða metið á markaðsvirði. Nokkur dæmi eru um að lífeyrissjóðir hafi sameinast eða að sjóðir hafi verið yfirteknir á því tímabili sem gögnin ná til. Í þeim tilvikum er aðeins ávöxtun umrædds sjóðs að ræða en ekki tekið tillit til ávöxtunar hins sameinaða eða yfirteknra sjóðs fyrir viðkomandi sameiningu eða yfirtöku.¹⁰ Er það mat Analytica að sú aðferð endurspegli betur árangur núverandi sjóðstjóra við ávöxtun enda gæti aðdragandi sameiningar eða yfirtöku m.a. verið óánægja sjóðfélaga með árangur.


Rétt er að hafa í huga að töluverðu getur munað í útreikningi á raunávöxtun eftir því hvort skuldabréf eru gerð upp á markaðsvirði eða kaupkröfu. Þetta á einkum við um Frjálsa og LV. Útreikningar Analytica benda til þess að munur á hreinni raunávöxtun geti numið allt að 5% á einstökum árum og 0,58% á hreinni árlegri raunávöxtun Frjálsa yfir 19 ára tímabil. Verðþróun ríkisskuldabréfa hefur að jafnaði verið með þeim hætti undanfarin ár að ávöxtun reiknuð fyrir skuldabréfasafn sem gert er upp á markaðsvirði er betri en ávöxtun safns sem gert er upp á kaupkröfu. Stafar þetta af langtímaleitni sem verið hefur til lækkunar ávöxtunarkröfu skuldabréfa á markaði.

2.2 Samanburður á hreinni raunávöxtun einstakra lífeyrissjóða í heild

Miðað er við heildarstöðu lífeyrissjóðanna, þ.e. samtölu samtryggingar- og séreignardeilda. Í Viðauka I má sjá þróun þessara stærða yfir 15 ára tímabil og útreikning hreinnar árlegrar raunávöxtunar fyrir sama tímabil. Rétt er að taka fram að raunávöxtunartölur Analytica hafa ekki verið bornar saman við ávöxtunartölur útgefnar af lífeyrissjóðunum sjálfum. Almenni hefur alla tíð gert upp skuldabréfasafn sitt á markaðskröfu og Íslenski hefur gert það frá árinu 2016 en Frjálsi, LV og Söfnunarsjóðurinn nota kaupkröfu fyrir hluta af skuldabréfasafni sínu. Við verðleiðréttingu miðast gildi vísitölu neysliverðs við verðtryggingarmánuð en ekki mælingarmánuð.

Uppsöfnuð raunávöxtun lífeyrissjóðanna er með þeim hætti sem sýndur er á mynd 5.

¹⁰ Til dæmis er miðað við hreina raunávöxtun ALVÍB fyrir sameiningu sjóðsins við Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga árið 2003.

Mynd 5. Samanburður á raunávöxtun nokkurra lífeyrissjóða yfir mismunandi tímabil¹¹

Síðastliðið ár kemur Söfnunarsjóðurinn best út í ávöxtunarsamanburði en Íslenski ef horft er til 3ja eða 5 ára tímabils. Til 8 ára kemur Söfnunarsjóðurinn best út en til lengri tíma, þ.e. 10 og 15 ára þá kemur Frjálsi hins vegar best út í samanburðinum.

2.3 Samanburður á hreinni raunávöxtun samtryggingardeilda


Til að bera saman hreina raunávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða var notast við sömu gögn og notuð eru til að bera saman hreina raunávöxtun lífeyrissjóða en notast við gögn samtryggingardeilda þeirra. Skoðaðar eru upplýsingar fyrir sömu lífeyrissjóði og áður, þ.e. Almenna¹², Frjálsa og Íslenska og eftir því sem gögn eru tiltæk fyrir Söfnunarsjóðinn og LV.

Í Viðauka II má sjá þau gögn sem Analytica hefur tekið saman varðandi hreina eign, iðgjöld, lífeyrisgreiðslur og hreina raunávöxtun fyrir samtryggingardeildir umræddra lífeyrissjóða.

Uppsöfnuð árleg meðalraunávöxtun samtryggingardeildanna er með þeim hætti sem sýndur er á mynd 6. Ávöxtun Söfnunarsjóðsins er tiltæk fyrir 8 ára samanburð og skemmri tíma og LV er einungis með í samanburðinum fyrir síðustu eitt og þrjú ár þar sem ekki hafa verið birtar upplýsingar í ársreikningum sjóðsins sem gera mögulegt að leiðrétta ávöxtunartölur m.t.t. verðbréfa sem metin eru á kaupkröfu lengra aftur í tímann.

¹¹ Heimild: ársreikningar lífeyrissjóðanna, Hagstofa Íslands, útreikningar Analytica

¹² Á því tímabili þegar Almenni rak fleiri en eina samtryggingardeild er miðað við samtölu allra deildanna

Mynd 6. Samanburður á raunávöxtun nokkurra samtryggingardeilda yfir mismunandi tímabil¹³

Ávöxtun Söfnunarsjóðsins er best á síðasta ári en yfir 3ja og 5 ára tímabil er ávöxtun Íslenska best. Ávöxtun Söfnunarsjóðsins er best yfir 8 ára tímabil. Þegar ávöxtun yfir lengra tímabil er skoðuð kemur ávöxtun Frjálsa hins vegar best út.

Þá er rétt að minna á að það er þróun réttinda sjóðfélaga fremur en hrein raunávöxtun sem skiptir mestu máli varðandi afrakstur sjóðfélaga í tilviki samtryggingardeilda. Mun fleiri atriði hafa áhrif á þróun réttinda en ávöxtun þótt ávöxtun sé mikilvæg í þeim efnum.

2.4 Breytileiki í ávöxtun og tryggingafræðileg staða sameignardeilda

Jafnan þegar fjallað er um ávöxtun þá er ennfremur greint frá breytileika í ávöxtun. Breytileiki í ávöxtun getur gefið hugmynd um áhættutöku viðkomandi sjóða og er breytileikinn í þessu tilviki mældur sem staðalfrávik árlegrar ávöxtunar. Í töflu 3 er birt uppsöfnuð 19 ára ávöxtun nokkurra lífeyrissjóða auk staðalfráviks árlegrar ávöxtunar sjóðanna yfir 19 ára tímabil. Þá er birtur annar áhættumælikvarði, þ.e. mesta árlega uppsafnaða tap (e. maximum drawdown) sjóðanna auk mestu lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu.¹⁴ Áhættumælikvarðinn mesta tap (lækkun) er mesta raun-lækkun sem verður samfellt milli ára áður en árleg raunávöxtun verður jákvæð á ný. Til dæmis ef sjóður lækkar þrjú ár í röð þá mælist mesta lækkun sem samanlögð lækkun viðkomandi þriggja ára.¹⁵ Lækkun allra sjóðanna, hvort sem hún er mæld í hreinni eign eða tryggingafræðilegri stöðu á við tímabilið 2005 til 2009 en mismunandi er meðal lífeyrissjóðanna hvort lækkunin eigi sér stað á einu ári eða allt að fimm árum. Með því að skoða tryggingafræðilegu stöðuna er unnt að fá samanburð meðal fleiri sjóða en hafa þarf í huga að réttindabreyting hefur áhrif á tryggingafræðilega stöðu. Gögn sem sýna tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna eru birt í viðauka III.

¹³ Heimild: ársreikningar lífeyrissjóðanna, Hagstofa Íslands, útreikningar Analytica

¹⁴ Ath. að breyting réttinda til hækkunar eða lækkunar brengr þennan mælikvarða á mestu lækkun tryggingafræðilegrar stöðu.

¹⁵ Tap eða lækkun á hreinni eign er í þessu tilviki mæld sem neikvæð hrein raunávöxtun samkvæmt jöfnu (1) í kafla 2.1. Nánari útskýringu á áhættumælikvarðanum mesta tap (e. maximum drawdown) má finna hér:

[https://en.wikipedia.org/wiki/Drawdown_\(economics\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Drawdown_(economics))


Tafla 3. Samanburður á ávöxtun og áhættu nokkurra lífeyrissjóða¹⁶

	19 ára ávöxtun	Staðal- frávik	Mesta tap	Mesta rýrnun á tryggingafræðilegri stöðu	Samanlögð réttinda- skerðing 2009-2012
Almenni lífeyrissjóðurinn - Tryggingadeild	1,6%	8,9%	-32,3%	-23,3%	27%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn - Tryggingadeild	3,1%	8,2%	-21,6%	-16,1%	9%
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Sameign	2,0%	9,8%	-31,4%	-14,9%	10%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna - Samtryggingardeild	-	-	-	-18,7%	10%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda - Samtryggingardeild	-	-	-	-10,8%	0%

Eins og sjá má þá er breytileiki í ávöxtun Frjálsa minnstur meðal þeirra þriggja sjóða sem eru til samanburðar á 19 ára tímabili en ávöxtun sjóðsins er jafnfram best. Þá er mesta tap Frjálsa einnig minnst meðal þessara sjóða en um er að ræða samanlagða lækun á raunvirði hreinnar eignar á árunum 2007 og 2008 að teknu tilliti til greiðslu iðgjalda og lífeyrisgreiðslna.

